

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 23. nóvember 2007
Tilv.: 0711032

Efni: Frumvarp til laga um íslenska táknmálið, 12. mál og frumvarp til laga um breyt. á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins, 17. mál.

Háskólinn á Akureyri lýsir yfir ánægju sinni með ofan nefnd frumvörp og gerir ekki athugasemdir við frumvarp til laga um breyt. á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins, 17. mál. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarps til laga um íslenska táknmálið, 12. mál eru eftirfarandi:

1. gr. Hér er talað um „fyrsta mál heyrnarlausra“. Hér virðist um beina þýðingu á hugtakinu „first language“ eins og farið er með það í enskum fræðatextum, en spurt er hvort ekki eigi fremur tala um að íslenska táknmálið sé ...*móðurmál heyrnarlausra?*
2. gr. Fyrri málsgrein. Hér er talað um kennslu og þjálfun, ekki er getið um tíma, hugsanlega mætti hnýta við málsgreinina ...*svo lengi sem þurfa þykir*. Hætta er á að óskilgreindur tími verði túlkaður frjálsglega en oft er um að ræða þjálfun sem tekur langan tíma og miðast við einstaklinginn en ekki einvörðungu fötunina sem slíka.
2. gr. Síðari málsgrein. Börn fæðast ekki bara með heyrnarskerðingu, heyrnarleysi eða daufblindu, einstaklingar geta orðið, veikir, lent í slysum eða öðru sem leiðir til þessarar fötunar. Í frumvarpinu í heild er orðalag oftari miðað við börn. *Gera þarf ráð fyrir því í lögum að fleiri þurfi að læra íslenskt táknmál en börn, að það verði aðgengileg fyrir alla þá sem á því þurfa að halda eða vilja læra það eða þjálfu, óháð aldri*. Hér er t.d. átt við fullorðna einstaklinga sem missa heyrn, foreldra, aðra aðstandendur en foreldra, heyrandi maka fullorðins heyrnarskerts fólks, kennara.
3. gr. Hér er talað um réttindin til að njóta aðstoðar táknmálstúlk. Spurning er hvort hér sé nægilega sterkt til orða tekið, því vitað er að *verulega þarf að auka þessa þjónustu*.
- 5 gr. Fyrsta málsgrein. Hér hefði þurft að koma fram að *fylgja þurfi þessu atriði eftir*.


Eins hefði verið gott að sjá málsgrein er varðar börn sérstaklega, t.d. að ávallt skuli það hafa forgang að túlka íslenskt barnaefni á táknmál og annað barnaefni eftir því sem við á.

6 gr. Sérstök ástæða til að fagna þeirri hugsun er hér kemur fram.

7 gr. Hér er talað um réttindi til a.m.k. 20 tíma af endurgjaldslausri þjónustu. Ekki er tryggt að þessi tímafjöldi dugi og því eðlilegra að miða við aðstæður fremur en ákveðinn uppgefinn tímafjöldi.

8 gr. Síðari málsgrein. Sérstök ástæða til að fagna þeirri hugsun er hér kemur fram.

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Gunnarsson, rektor